

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/1766****2021/EES/5/10****frá 25. nóvember 2020**

**um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 9. mgr. 25. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland („Bretland“) fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Hinn 17. október 2019 komust Sambandið og Bretland að samkomulagi um útgöngu Bretlands úr Sambandinu <sup>(2)</sup> („útgöngusamningurinn“) með endurskoðaðri bókun um Írland/Norður-Írland og endurskoðaðri pólitískri yfirlýsingu <sup>(3)</sup>. Samkvæmt útgöngusamningnum og eftir að neðri deild breska þingsins hafði fullgilt hann, Evrópuþingið samþykkt hann og ráðið komist að niðurstöðu um hann varð Bretland þriðja land 1. febrúar 2020 og munu lög Sambandsins hætta að gilda um og í Bretlandi 31. desember 2020.
- 2) Verðbréfamiðstöðvar (e. *Central securities depositories* („CSDs“)) eru mikilvægar fyrir fjármálamarkaði. Skráning verðbréfa í rafrænt kerfi („eignaskráningarþjónusta“) og viðhald verðbréfareikninga á efsta stigi („miðlæg vörsluþjónusta“) auka gagnsæi og vernda fjárfesta þar sem þau tryggja heilindi verðbréfa og koma í veg fyrir óþarfa myndun eða lækkun útgefinna verðbréfa. Verðbréfamiðstöðvar starfrækja einnig verðbréfauppgjörskerfi sem tryggir að verðbréfavíðskipti séu gerð upp á tilhlýðilegan hátt og tímanlega. Þessi starfsemi er mikilvæg fyrir stöðustofnunar- og uppgjörferlið eftir víðskipti. Verðbréfauppgjörskerfi eru einnig mikilvæg fyrir peningamálastefnu þar sem þau eiga mikinn þátt í að afla trygginga vegna peningastefnuáðgerða.
- 3) Frá 1. janúar 2021 munu verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í Bretland teljast vera verðbréfamiðstöðvar þriðja lands í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014. Sem slíkar mega þær ekki veita eignaskráningarþjónustu og miðlega vörsluþjónustu í tengslum við fjármálagerninga sem stofnaðir eru samkvæmt lögum aðildarríkis nema þær séu viðurkenndar af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 25. gr. tédar reglugerðar. Án slíkar viðurkenningar mega útgefendur í Sambandinu ekki nota verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi til að annast eignaskráningarþjónustu og miðlega vörsluþjónustu að því er varðar framseljanleg verðbréf sem stofnuð eru samkvæmt lögum aðildarríkis. Þessi staða gæti haft í för með sér tímabundnar áskoranir fyrir útgefendur í Sambandinu við að uppfylla lagalegar skuldbindingar sínar þar sem þessi þjónusta, sem veitt er af verðbréfamiðstöðvum í Bretlandi í tengslum við fyrirtækjaverðbréf og kauphallarsjóði sem settir eru á stofn samkvæmt landslögum Írlands („írsk fyrirtækjaverðbréf og kauphallarsjóðir“), er sem stendur ekki veitt af verðbréfamiðstöðvum með starfsleyfi í Sambandinu. Því er réttmætt og í þágu Sambandsins og aðildarríkja þess að tryggja að verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi geti haldið áfram að veita þjónustu í Sambandinu eftir 31. desember 2020 í takmarkaðan tíma.
- 4) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur eingöngu viðurkennt verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í þriðja landi ef framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framkvæmdargerð um að fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um verðbréfamiðstöðvar sé jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Í ljósi þess að hætta var

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2020 frá 30. desember 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Samningur um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (Stjttíð. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 7).

<sup>(3)</sup> Pólitísk yfirlýsing sem felur í sér ramma um framtíðartengsl Evrópusambandsins og Bretlands (Stjttíð. ESB C 34, 31.1.2020, bls. 1).

á Bretland færi úr Sambandinu án þess að hafa gert útgöngusamning var laga- og eftirlitsrammi Bretlands viðurkenndur jafngildur í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2030 <sup>(4)</sup> fyrir tímabilið fram til 30. mars 2021. Gerð útgöngusamningsins varð til þess að sú framkvæmdarákvörðun kom aldrei til framkvæmdar. Verðbréfamiðstöðvar í Sambandinu eru mjög langt komnar í að móta þjónustu í tengslum við írsk fyrirtækjaverðbréf og kauphallarsjóði til að gera útgefendum í Sambandinu kleift að flytja stöður sínar, en ekki verður lokið að fullu við þá vinnu þegar lög Sambandsins hætta að gilda um og í Bretlandi 31. desember 2020. Því er nauðsynlegt og í þágu Sambandsins og aðildarríkja þess að það fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi sé viðurkennt jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 í sex mánuði.

- 5) Í samræmi við 9. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar verðbréfamiðstöðvar með staðfestu þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 6) Í fyrsta lagi verður fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands að tryggja að verðbréfamiðstöðvar í viðkomandi þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Þar til í lok umbreytingartímabilsins 31. desember 2020 verða verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi að fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Hinn 26. júní 2018 tók Bretland ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 908/2014 upp í landslög sín frá og með lokum umbreytingartímabilsins.
- 7) Í öðru lagi verður laga- og eftirlitsfyrirkomulag þriðja lands að tryggja að verðbréfamiðstöðvar með staðfestu í því þriðja landi falli undir skilvirkt eftirlit, yfirsýn og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Þar til í lok umbreytingartímabilsins 31. desember 2020 falla verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi undir eftirlit Englandsbanka eins og ákvarðað er í landslögum Bretlands í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Við upptöku ákvæðanna, sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 909/2014, í landslög Bretlands mun Englandsbanki áfram bera ábyrgð á eftirliti með verðbréfamiðstöðvum frá lokum umbreytingartímabilsins og sem stendur eru engar vísbendingar um að verulegar breytingar verði á því eftirliti.
- 8) Í þriðja lagi verður lagarammi þriðja landsins að kveða á um skilvirkt jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á verðbréfamiðstöðvum sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands. Þetta er tryggt með því að taka ákvæðin sem sett eru fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 upp í landslög Bretlands. Enn fremur hefur Bretland innleitt sérstök umbreytingarákvæði sem gera verðbréfamiðstöðvum í þriðja landi kleift að veita eignaskráningarþjónustu og miðlæga vörsluþjónustu í Bretlandi í a.m.k. 6 mánuði eftir að Bretland hefur viðurkennt jafngildi ramma þessa þriðja lands.
- 9) Á þessum grundvelli má draga þá ályktun að það laga- og eftirlitsfyrirkomulag Bretlands sem mun gilda um verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi eftir að umbreytingartímabilinu, sem um getur í 126. gr. útgöngusamningsins, lýkur uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 9. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
- 10) Þessi ákvörðun byggist á þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir um laga- og eftirlitsfyrirkomulagið sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi frá 1. janúar 2021. Í ljósi þeirrar tilkynningar Bretlands að tiltekna kröfur sem munu taka gildi samkvæmt lagaramma Sambandsins í framtíðinni verði ekki teknar upp í landslög þess er ekki hægt að telja að laga- og eftirlitsfyrirkomulagið sem nú er til staðar í Bretlandi sé jafngilt nema í takmarkaðan tíma. Með hliðsjón af tilkynningu Bretlands um ósamleitni í framtíðinni að því er varðar laga- og eftirlitsfyrirkomulagið sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi er ætlast til þess að markaðsaðilar búi sig undir aðstæður án frekari ákvörðunar um jafngildi á þessu sviði.
- 11) Það að komið sé á viðtæku og skilvirku samstarfsfyrirkomulagi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Englandsbanka, í samræmi við 10. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, tryggir markviss upplýsingaskipti og samræmingu á eftirlitsstarfsemi. Einkum verður þetta fyrirkomulag að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi tafarlausan aðgang í öllum aðstæðum, á áframhaldandi grundvelli, að öllum upplýsingum sem hún óskar

<sup>(4)</sup> Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2030 frá 19. desember 2018 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (Stjttíð. L 325, 20.12.2018, bls. 47).

eftir. Þetta samstarfsfyrirkomulag ætti einnig að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti deilt öllum viðeigandi upplýsingum með yfirvöldunum sem um getur í 5. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 í þeim tilgangi að hafa samráð við þau um viðurkennda stöðu verðbréfamiðstöðva í Bretlandi eða ef þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að þessi yfirvöld geti framkvæmt eftirlitsverkefni sín.

- 12) Ætlast er til að yfirvöld í Bretlandi upplýsi Sambandið um allar breytingar sem gerðar eru á laga- og eftirlitsfyrirkomulagi Bretlands og hafa áhrif á veitingu eignaskráningarþjónustu og miðlægrar vörsluþjónustu í Bretlandi. Framkvæmdastjórnin mun í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina hafa eftirlit með öllum breytingum sem teknar eru upp í laga- og eftirlitsfyrirkomulagið og hafa áhrif á veitingu slíkrar þjónustu í Bretlandi, markaðsþróun og skilvirkni eftirlitssamvinnu, þ.m.t. tafarlaus upplýsingaskipti milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Englandsbanka. Framkvæmdastjórnin getur endurskoðað þessa ákvörðun hvenær sem er ef mikilvæg þróun kallar á að framkvæmdastjórnin endurmeti jafngildið sem samþykkt er með henni, þ.m.t. ef yfirvöld í Bretlandi hundsá samstarf, eða ef þau gera ókleift að meta sem skyldi hættuna sem Sambandinu eða aðildarríkjum þess stafar af verðbréfamiðstöðvum í Bretlandi eða ef aðgerðirnar sem verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi eða Englandsbanki grípa til stuðla að ótilhlýðilegri og óheiðarlegri samkeppni.
- 13) Með hagsmuni Sambandsins og aðildarríkja þess í huga og til að gefa verðbréfamiðstöðvum í Sambandinu þann tíma sem þær þurfa til að þróa frekar framboð þjónustu sinnar, í tengslum við írsk fyrirtækjaverðbréf og kauphallarsjóði, og útgefendum í Sambandinu þann tíma sem þeir þurfa til að flytja stöður sínar til verðbréfamiðstöðva í Sambandinu, ætti þessi ákvörðun að falla úr gildi sex mánuðum eftir gildistökudag hennar.
- 14) Þessi ákvörðun ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er til að tryggja réttarvissu fyrir útgefendum í Sambandinu áður en umbreytingartímabilinu lýkur í samræmi við útgöngusamninginn. Hún ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að lög Sambandsins hætta að gilda um og í Bretlandi.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 telst laga- og eftirlitsfyrirkomulag Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem gildir um verðbréfamiðstöðvar sem þegar eru með staðfestu og starfsleyfi í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Hún fellur úr gildi 30. júní 2021.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*